

**Nd. 740. Frumvarp til laga [303. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum sem Skallagrímur hf. tekur til kaupa á nýju ferjuskipi til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Skallagrímur hf., sem nú rekur Akraborgina milli Reykjavíkur og Akraness, átti snemma á árinu 50 ára afmæli.

Núverandi skipakostur Skallagríms hf., Akraborgin, er smíðuð árið 1966. Skipið var keypt til landsins árið 1974 og hóf rekstur í júní það ár.

Frá upphafi og allt til ársins 1974 fluttu skip Skallagríms hf. fyrst og fremst farþega og vörur. Árið 1974 verður hins vegar um eiginlega bílaflutninga að ræða með núverandi skipakosti. Akraborgin er hönnuð sem bílferja. Hún tekur 30 bíla á bílapílfar sem hægt er að aka á viðstöðulaust frá bryggju. Auk þess má lyfta allt að 10 bílum á efra pílfar.

Að sögn forráðamanna Skallagríms hf. hefur Akraborgin reynst vel í alla staði. Þess er þó að vænta að aldur fari að segja til sín í auknu viðhaldi. Viðvaranir hafa fengist um ástand véla, þannig að búast má við miklum kostnaði vegna þeirra á næstunni.

Þegar bílaflutningar hófust fyrir alvöru með Akraborginni árið 1974 voru að sögn eigenda margir vantrúaðir á þörf fyrir slíka flutninga. Þrátt fyrir allar hrakspár hefur komið í ljós að Akraborgin hefur átt vaxandi vinsældum að fagna.

Að sögn forráðamanna Skallagríms hf. hefur skipið varla getað annað meiri flutningum mánuðina apríl til og með september á s. l. tveim árum. Á þessum mánuðum eru langar bíðraðir við nærfellt hverja brottför skipsins og verða margir frá að hverfa hverju sinni að sögn áhafnar.

Samkvæmt upplýsingum stjórnar Skallagríms hf. voru flutningar með Akraborginni sem hér segir:

Ár	Tala bíla	Ár	Tala farþega
1974 .....	4 811		
1975 .....	19 552		
1976 .....	37 797	1976 .....	142 000
1977 .....	38 000	1977 .....	143 000
1978 .....	42 100	1978 .....	151 000
1979 .....	45 372	1979 .....	153 000
1980 og 1981 .....	60 000	1980 .....	222 504
		1981 .....	214 039

Þess skal getið að árið 1981 var skipið ekki í rekstri í febrúarmánuði vegna stórvíðgerða.

Segja má að flutningsgeta skipsins til bílaflutninga sé nú sem næst fullnýtt. Öll frekari aukning yrði að koma yfir á veturinn þegar veður eru verri og skipið lætur illa í sjó. Þó er stöðug aukning yfir vetramánuðina, þótt minni sé.

Í janúar 1975 voru fluttir 445 bílar með skipinu. Í janúar 1982 3 993. Í október og nóvember 1974 voru fluttir 656 og 648 bílar. Í október — nóvember 1981 voru fluttir 4 416 og 4 113 bílar. Það sem af er þessu ári bendir til aukningar á flutningum, bæði bíla og fólks.

Stjórn Skallagríms hf. telur ýmis veigamikil rök mæla með því að ráðist verði í kaup á nýju og afkastameira skipi í stað Akraborgarinnar. Stjórn félagsins hefur þess vegna, með heimild síðasta aðalfundar, leitað eftir nýju og hentugu skipi á síðastliðnu ári, en árangur hefur ekki orðið fyrr en í mars s. l., að skip fannst sem mjög vel hentar til þessara flutninga og er öllum þeim kostum búið sem óskað var og leitað. Aldur Akraborgarinnar vegur þungt í þessu máli, þannig að óumflýjanlegt er að taka ákvörðun um það á næstunni hver framtíð bílferju skuli vera milli Akraness og Reykjavíkur. Núverandi Akraborg er að ýmsu leyti óhentug til þessara flutninga. Hún lætur ekki sem best í sjó og síðast en ekki síst er flutningageta skipsins ekki nægileg miðað við stærð og kostnað við úthald. Stjórn félagsins er þeirrar skoðunar að stóraukinni eftirspurn verði að svara með nýjum skipakosti.

Hinn 7. apríl s. l. gerði formaður stjórnar Skallagríms hf. bráðabirgðakaupsamning um skipið „BETANCURIA“. Samningurinn er háður samþykki íslenskra stjórnvalda, bæði um kaup og fjármögnun. Kaupverð skipsins er 2,9 millj. bandaríkjadollara, eða nálægt 29 millj. ísl. króna. Hins vegar er skipið til afhendingar á Kanaríeyjum og má gera ráð fyrir allmiklum kostnaði við að koma því heim. Er fjárþörf fyrirtækisins vegna þess áætluð um 100 þús. dollarar.

Skipið „BETANCURIA“ er í eigu fyrirtækisins Ferry Omera S.A. á Spáni. Það félag er dótturfélag Fred. Olsen & Co. í Noregi. Skipið er smíðað árið 1974. Það er aðeins 10 metrum lengra en Akraborgin en ber allt að 75 bíla, eða 80—100% meira en Akraborgin nú. Ástæða þess er sú að bílabílfar er á tveim hæðum. Að sögn forráðamanna Skallagríms hf. er skipið lítið kostnaðarsamara í rekstri, olíunotkun svipuð eða heldur meiri og áhöfn skipsins jafnstór. Skipið er hagkvæmt að því leyti að það getur nýtt hafnarastöðu og flotbrýr sem nú eru í Reykjavík og á Akranesi. Skipið má ekki vera stærra til þess að ekki þurfi að lengja viðlegukant á Akranesi. Skipið er mjög glæsilegt í alla staði. Það er búið glæsilegum farþegasölum, teppalögðum með þægilegum húsgögnum. Skipið er búið fullkomnum stöðugleikaútbúnaði sem tekur af mesta velting.

Skipstjóri og vélstjóri Akraborgar hafa skoðað skipið og gefið því hin bestu meðmæli fyrir allan frágang og búnað. Þeir benda m. a. á, að skipið er búið óvenjulega miklum

varahlutalager, sem er vel skráður og aðgengilegur. Siglingamálastofnun ríkisins hefur í skýrslu sinni, dags. 9. mars s. l., gefið skipinu mjög góða einkunn og mælir með innflutningi þess til landsins.

Gerð hefur verið hagkvæmnisathugun á „BETANCURIA“ sem bílferju milli Akraness og Reykjavíkur. Skýrsla þessi er bráðabirgðaáætlun um rekstrarmöguleika og hagkvæmni skipsins. Í skýrslunni kemur fram hverjar viðbótartekjur kunni að verða miðað við svipaða samsetningu farþega og bíla.

Skýrslan bendir til, miðað við að „BETANCURIA“ nái 58% tekjuaukningu, að skipið standi undir viðbótarrekstrarkostnaði og jafnframt undir greiðslum afborgana og vaxta, miðað við 12 ára lánstíma og 15% ársvexti. Á öðru ári þarf, miðað við sömu forsendur, 55% tekjuaukningu.

Stjórn Skallagríms er þeirrar skoðunar, meðal annarra, og byggir það á reynslu sinni, að eftirspurn eftir flutningum með Akraborginni verði eftir sem áður meiri en hægt er að svara, þrátt fyrir kaup á nýju skipi, en slíkt gefur auðvitað mjög mikla möguleika til tekjuaukningar án aukins rekstrarkostnaðar.

Jafnhliða lántöku og kaupum á „BETANCURIA“ hefur stjórn Skallagríms hf. reynt að koma Akraborginni á framfæri erlendis og er sú vinna í gangi nú. Bæði innlendir og erlendir aðilar þreifa nú fyrir sér um sölu á Akraborginni. Skipið er hins vegar gamalt og markaður fyrir það þröngur. Má ætla að einhvern tíma taki að selja skipið, en yfirleitt er talið að sala á því sé alls ekki útilokuð. Samkvæmt upplýsingum skipamiðlara má að sögn stjórnar Skallagríms hf. ætla að söluverð skipsins sé á bilinu 8—12 hundruð þúsund dollarar. Ætla verður að söluverð Akraborgarinnar nægi vel til greiðslu áhvílandi skuldar við ríkisábyrgðasjóð.

Frumvarp það sem hér er á ferðinni gerir ráð fyrir heimild ríkisstjórnarinnar til að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni allt að 80% af kaupverði hins nýja skips. Það hefur úrslitaþýðingu að frumvarp þetta verði að lögum á yfirstandandi þingi. Kaupsamningurinn fellur úr gildi sex vikum eftir 7. apríl og hefur fyrirtækið þá og allir sem við það skipta misst af þeim möguleika sem hér gefst til að endurnýja farkost félagsins og koma flutningum þess í ný-tískulegt horf, sem svarar kröfum tímans um allan aðbúnað og þægindi.

Skuld Skallagríms hf. við ríkisábyrgðasjóð var um s. l. áramót 12,8 m.kr. og eru þá meðtaldir dráttarvextir til ríkisábyrgðasjóðs. Þá hefur verið tekið tillit til innborgana félagsins á rekstrartíma Akraborgar, samtals að fjárhæð 2,6 millj. kr. Vakin skal athygli á, að í fjárlögum yfirstandandi árs er sérstakt heimildarákvæði fyrir fjármálaráðherra til að semja við Skallagrím hf. um vanskil fyrirtækisins hjá ríkisábyrgðasjóði, m. a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta að hluta með þeim skilyrðum sem talin eru nauðsynleg. Viðræður standa nú yfir við forráðamenn Skallagríms hf. um framkvæmd þessa heimildarákvæðis.